

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 17. maí 2016  
UST201605-099/B.S.  
10.05.04

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Flúðalína 1 - jarðstrengur við Búrfell. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða annars vegar lagningu 500 m langs jarðstrengs frá aðkomuvegi að Búrfellsstöð að mastri 3 vestan Fossár og hins vegar frá mastri 228 að tengivirki við Flúðir.


Hluti framkvæmdarinnar er innan svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir.“

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Strengleiðin frá Búrfellsvegi að mastri 3 vestan Fossár liggur um lítt gróið svæði þar sem auðvelt er að ganga þannig frá strengleiðinni að sjónræn áhrif verði hverfandi. Helstu áhrifin gætu orðið vegna lagningar jarðstrengs um Fossá. Fram kemur að á framkvæmdatíma verði tryggt eins og kostur er að hindra olúsmit frá vinnuvélum. Talið er að lagning strengs í Fossá muni taka 1-2 daga. Á rekstartíma gæti segulsvið næst strengnum haft neikvæð áhrif á lífríki árinna en þau áhrif dvína hratt með aukinni fjarlægð.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefanýson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri